# Tilkynning

frá Stangaveiðifélagi Akraness
um sölu og úthlutun veiðileyfa árið 2001

Aðalsöludagur veiðileyfa verður laugardaginn 17.febrúar n.k. og fer fram að Suðurgötu 108. Þeir sem ætla að fá veiðileyfi, draga númer frá kl. 11-12 og verða leyfin afgreidd eftir þeim númerum kl.14.00 sama dag. Mánudaginn 19. febrúar kl.20.00-21.30 verða óseld veiðileyfi seld félagsmönnum á skrifstofu félagsins að Suðurgötu 108. Eftir það verða þau einnig boðin utanfélags-mönnum. Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðár áður en númer er dregið og dregur einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa öðrum leyfi til að draga fyrir sig. Skylt er að greiða árgjald áður en dregið er.

Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfrest á 50% keyptra veiðileyfa og einnig verður boðið upp á VISA-raðgreiðslur. Ef veiðileyfi verða ekki leyst út fyrir 15.júní er stjórninni heimilt að ráðstafa þeim til annarra. Veiðileyfin verða seld eftir sömu reglu og áður, þannig að menn hafi frjálst val, í þeirri röð sem afgreiðslunúmer segir til um, séu þeir mættir er sala hefst og kemur að þeirra númerum.

Í Fáskrúð eru 2 stangir á dag að undanskildum þrem partíum þar sem eru 3 stangir á dag. Í Gljúfurá eru 3 stangir á dag allan tímann. Í Fáskrúð og Gljúfurá eru 2 dagar seldir saman út á nöfn tveggja félagsmanna. Þar hefst veiði kl.16.00 komudag (kl.15.00 eftir 15.ágúst) og lýkur kl.13.00 heimfarar-dag. Í Laxá er seld ein og ein stöng út á eitt nafn félagsmanna. Veiði í Laxá hefst kl.07.00 og lýkur að kvöldi.

Þegar þetta er ritað er ekki vitað hvaða daga okkur verður úthlutað í Glerá , ennfremur er hugsanlegt að bætist við haustveiðileyfi í Laxá. Frekari uppl. verða á söludegi.
Ekki verður boðið upp á föst partí í Flekkudalsá en félagið verður að öllum líkindum með nokkur haustpartí í umboðssölu.

Ef ágreiningur kemur upp um ofanskráðar reglur, áskilur stjórnin sér rétt til að skera þar úr í hverju tilfelli. Eins og undanfarin ár mun Ólafur G. Ólafsson hjá Sjóvá -Almennum, sími 431-2800 annast sölu veiðileyfa eftir áðurnefnda söludaga.

Akranesi, 6.febrúar 2001
Stjórn SVFA

# Verðskrá SVFA 2001

## Fáskrúð

| Fjöldi stanga | Júní | Stöng á dag |
|---|---|---|
| 2 stangir | 24.-26. | kr. 14,600 |
| 2 stangir | 26.-28. | kr. 14,600 |
| 2 stangir | 28.-30. | kr. 14,600 |
| 2 stangir | | |
| 2 stangir | Júlí | |
| 2 stangir | 6.-8. | kr. 20.700 |
| 2 stangir | 8.-10. | kr. 20.700 |
| 2 stangir | 10.-12. | kr. 20.700 |
| 2 stangir | 18.-20. | kr. 21.700 |
| 2 stangir | 20.-22. | kr. 21.700 |
| 3 stangir | 22.-24. | kr. 21.700 |
| 2 stangir | 30. Júlí -1. Ágúst | kr. 21.700 |
| | Ágúst | |
| 2 stangir | 1.-3. | kr. 21.700 |
| 3 stangir | 3.-5. | kr. 21.700 |
| 2 stangir | 11.-13. | kr. 21.700 |
| 2 stangir | 13.-15. | kr. 21.700 |
| 3 stangir | 15.-17. | kr. 21.700 |
| 2 stangir | 23.-25. | kr. 21.700 |
| 2 stangir | 25.-27. | kr. 21.700 |
| 2 stangir | 27.-29. | kr. 21.700 |
| | September | |
| 2 stangir | 4.-6. | kr. 18.000 |
| 2 stangir | 6.-8. | kr. 17.000 |
| 2 stangir | 8.-10. | kr. 16.000 |

## Laxá

| Fjöldi stanga | | Stöng á dag |
|---|---|---|
| 4 stangir | 17.jún | kr. 17.500 |
| 6 stangir | 7. Sept. | kr. 17.000 |

## Gljúfurá

| Fjöldi stanga | Júlí | Stöng á dag |
|---|---|---|
| 3 stangir | 2.-4. | kr. 15.800 |
| 3 stangir | 16.-18. | kr. 20.900 |
| | Ágúst | |
| 3 stangir | 1.-3. | kr. 20.900 |
| 3 stangir | 11.-13. | kr. 20.900 |
| 3 stangir | 21.-23. | kr. 19.900 |
| 3 stangir | 31.ág.-2.sept. | kr. 17.800 |
| | September | |
| 3 stangir | 10.-12. | kr. 9.600 |